

Nr. 079 / 12 Kristina EA 410***Skipverji slasast á hendi við trolltöku***

Skipaskr.nr. 2662 IMO.nr. 8907137
Smíðaður: Spánn 1994, stál
Stærð: 4280 brl. 7682 bt.
Mesta lengd: 105 m Skráð lengd: 93,89 m
Breidd: 20 m Dýpt: 14,7 m
Vél: Wärtsilä 5920 kW, 1994
Fjöldi skipverja: 35



Kristina©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12 júlí 2012 var Kristina EA 410 á togveiðum austur af Rósagarðinum um 100 sml. austur af landinu. Veður: NNA 4 m/sek.

Skipið var á makrílveiðum með flottroll en skipverjar voru að taka það og hífa pokann upp skutrennuna. Skipverji sem stóð í ganginum við hlið rennunnar tók í fal sem lá með lunningunni en í því dróst pokinn upp að skutrennulökunni (sem var uppi) og vinstri hönd hans varð á milli hennar og pokans.

Við skoðun kom í ljós að litlifingur var nánast alveg af og áverkar voru á löngutöng og baugfingri. Siglt var með slasaða áleiðis til Neskaupstaðar og í samráði við lækni sigldi björgunarskipið Hafbjörg á móts við skipið og flutti slasaða í land.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn kvaðst hafa verið að reyna að ná í ókláraða stroffu sem lá niður í skutrennuna en í sama mund hefði tekið í pokann sem hafði verið slakur.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var aðgæsluleysi slasaða.